

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

105. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn mánudaginn 4. júlí 2022. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um ráðningarkjör grunnskólakennara sem kenna 1-4 bekk við Helgafellsskóla og vinna samkvæmt 200 daga kennsluskipulagi.

Samstarfsnefndinni bárust eftirfarandi athugasemdir frá Mosfellsbæ vegna framlagðra útreikninga Félags grunnskólakennara á meintum kjarasamningsbrotum sveitarfélagsins:

Því er haldið fram að kennarar kenni í 200 daga á skólaárinu sem er ekki rétt. Nemendadagar eru 200 á skólaárinu en hver kennari kennir 192 daga. Starfsmenn frístundar og aðkeyptir kennarar vinna með nemendum í fimm smiðjudaga á ári sem eru hluti af 200 dögum nemenda. Kennarar yngsta stigs koma ekki að kennslu þá daga. Einnig eiga kennarar 3 endurmenntunardaga þar sem þeir eru leystir af frá kennslu og öðrum störfum í þrjá daga á ári til að sinna endurmenntun. Þetta kemur fram í samkomulagi sem kennarar undirrituðu við upphaf skólaársins og var sent til Sambandsins og FG. Auk þessarra þriggja endurmenntunardaga þá rúmast þær 78 klukkustundir sem kennarar eiga til viðbótar í endurmenntun innan árlegs vinnutíma eins og sést hér fyrir neðan. Kennarar hafa val um hvenær þeir nýta þær stundir, geta t.d. tekið þær í lok vinnudags þar sem þeirra vinnudagur er styttri en kennara í 180 daga skóla.

Einnig er gerð athugasemd við þá útfærslu FG að kennarar á yngsta stigi eigi fleiri tíma í „önnur fagleg störf“ en kennarar í 180 daga skóla. Allt varðandi vinnu kennara á yngsta stigi er sambærilegt við kennara á mið- og unglingastigi annað en að þeir vinna fleiri daga eins og kemur fram hér fyrir ofan. Þar af leiðandi er tíminn sem ætlaður er í „önnur fagleg störf“ 8,14 klst. á viku hjá báðum hópum. Útfærsla FG á „öðrum faglegum störfum“ virðist vera tekin úr útfærslu kjarasamningsins fyrir þá kennara sem eru á kennsluafslætti og vinna þá önnur störf á móti afslættinum upp í þær 42,86 stundir sem vinnuvikan er. Þetta á ekki við um kennarar Helgafellsskóla í 1. – 4. bekk en þeirra vinnuvika er 40,66 klukkustundir.

Ef kennarar ná ekki 30 orlofsdögum milli skólaára þá eiga þeir þá dagana inni og taka þá í ágúst og/eða september eða samkvæmt samkomulagi milli starfsmanns og stjórnanda skólans.

Vinnutími kennara í 1. – 4. bekk Helgafellsskóla er því á ársgrunni svona:

	klst.
Kennsla	16
Undirbúningur	10,8
Önnur fagleg störf	8,14
Kaffitímar	2,92
Frimínutur	2,8
	40,66 klst.
192 d. eða 38,4 vikur	1561
starfsdagar utan skóla	64
Endurmenntun	102
	1727

Niðurstaða:

Málið rætt áfram. Fulltrúar SNS óskuðu eftir frekari rökstuðningi og tillögu að útfærslu frá FG um mögulegt skipulag vinnuframlags kennara sem vinna samkvæmt 200 daga kennsluskipulagi. Næsti fundur um málið verður 3. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:00.